

C-listanum, þótt staða meðmælenda væri ekki tilgreind og heimilið eigi nánar en 23. febr. á A-listanum. Ákvæðin í 1. hl. 2. gr. nefndra laga um að þetta tvennt skuli greint við nöfn meðmælenda, verða sem sje ekki skoðuð sem ófrávikjanlegt skilyrði fyrir gildi listanna, því þá væru þau eigi í samræmi við ákvæðin um ein kenning fulltrúaefnanna í 3. l.l. greinarinnar, enda liggur beint við að skilja þau svo, að þar með sje gefin föst regla um það, hvað kjörstjórn geti heimtað til þess, að ganga úr skugga um, hverjir meðmælendurnir sjeu, svo að ekki verði villst á þeim og öðrum kjósendum. Viti kjörstjórnin full deili á meðmælendunum eða svo mörgum af þeim, sem eptir lögunum þarf til þess að listi verði tekinn til greina, og þekki hún með vissu, að þeir fullnægja skilyrðum um kosningarjett án þess að hún þurfi á tjeðum upplýsingum að halda, virðist engin sennileg ástæða geta verið til þess að hún neiti að hafa hin framboðnu fulltrúaefni í kjöri. Til slíks mundi þurfa skýlaust ákvæði um ógildi lista fyrir formgalla á líkan hátt og ákveðið er í 8 gr. laganna um ógildi kjörseðla, en það er eigi í lögunum. Þvert á móti er ákveðið, að ef kjörstjóra þykir ástæða til að álíta lista ógildan, skuli það gjört með sjerstökum úrskurði fyrir kjörfund, og koma ástæður og atvik þannig undir mat hennar í hverju einstöku tilfelli.

Samkvæmt framanskráðu verður að álíta, að formgallar þeir, sem voru á listunum, geti ekki haft nein áhrif á gildi kosningarinnar, og er því hjermeð ákveðið, að úrskurðir bæjarstjórnar Akureyrar 10. og 12. f. m. um að bæjarstjórnarkosningin 4. s. m. skuli gild, skuli óraskaðir standa.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógetans í Reykjavík um að tilkynna lát Færeyinga, sem andast hjer á landi. 38 28. febr.

Færeysk yfirvöld hafa borið sig upp undan því við stjórnarráðið, að það beri eigi allsjaldan við, að menn frá Færeijum andist hér á landi, án þess að þarum sje send nokkur skýrsla til Færeýja.

Útaf þessu skal stjórnarráðið hjermeð brýna fyrir yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), að tilkynna það jafnan sórenskrifaranum á Færeijum sem skiptaráðanda þar, þá er Færeýingar andast í lögsagnarumdæmi yðar, eins þótt hann láti þar engar eigur eptir sig.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. 39 3. marz

Með brjefi dags. 3. janúar þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi í sýslu yðar, þar sem hún áfrýjar